

# Topplisti útlána fyrir árið 2013

23.12.2014

Landskerfi bókasafna kynnir við árslok topplista útlána þ.e.a.s. lista yfir þá titla sem voru oftast lánaðir út í Gegni á árinu 2013, sem heild og fyrir hvert útlánasafn. Aðildarsöfn Gegnis hafa lengi óskað eftir að fá þess konar yfirlit en verkefnið var flókið og tímafrekt. Í lok ársins 2013 var stofnaður rýnihópur um tölfræði með fulltrúum aðildarsafna Gegnis og Landskerfis bókasafna. Rýnihópurinn hafði það að leiðarljósi að skilgreina og forgangsraða nýjum tölfræðiverkefnum sem byggjast á gögnum úr Gegni. Efst á óskalista rýnihópsins var að fá lista yfir vinsælustu titlana.

Tilbúnaðar eru skýrslur fyrir árið 2013 en stefnt er að því að birta upplýsingar um fleiri ár á næstunni. Áætlað er að snemma árs 2015 verði topplisti útlána 2014 gerður aðgengilegur. Þetta er fyrsta útgáfa af topplistunum svo að enn er hægt að slípa og fínþússa. Vinsamlegast komið ábendingum um lagfæringar á [hjalp@landskerfi.is](mailto:hjalp@landskerfi.is) eða í síma 514 5050.

Grunnurinn að þessari tölfræði byggir á bókfræðiskráningu og útlánaupplýsingunum. Safna þarf saman útlánunum eintaka af hverju titli til að fá heildarútlán ákveðins titils yfir ákveðið tímabil.

Titill → Safn → Eintök → Útlán → Ár = Heildarútlán á titil á ári

Tölfræðin getur aldrei orðið betri en undirliggjandi gögn. Titlarnir byggja á bókfræðiskráningu en fyrir utan titilupplýsingar eru bókfræðiformat og kóðar úr 008 stýrisviðinu lögð til grundvallar. Forsendur hvernar skýrslu eru tilgreindar í snið / titilupplýsingunum hennar.

Landskerfi bókasafna - bókasafnskerfið Gegni: Útlánatölur	
Topplisti útlána 2013 - Tegund efnis : Allt	
Titill	Útlán
(1) Myndasögusyrpa = Syrpa (1994)	36.399
(2) Vikan 2013. (2013)	13.218
(3) Vikan 2012. (2012)	12.539
(4) Hús og hífýli. (1972)	11.144
(5) Gestgjafinn : tímarit um mat. (1981)	10.674
(6) Femina. (1952)	8.310
(7) Séð og heyrt 2013. (2013)	7.911
(8) Júlía. (2009)	7.840
(9) Myndasögusyrpa 2012 = Syrpa 2012. (2012)	7.468
(10) Sagan öll. (2007)	6.821
(11) Galdrastelpur = W.i.t.c.h. (2003)	6.738
(12) Bo bedre. (1961)	6.524
(13) Myndasögusyrpa 2011 = Syrpa 2011. (2011)	6.001
(14) Hendes verden. (1965)	5.781
(15) Myndasögusyrpa 2009 = Syrpa 2009. (2009)	5.774
(16) Hello! (1988)	5.768
(17) Nýtt líf. (1983)	5.764
(18) Myndasögusyrpa 2013 = Syrpa 2013. (2013)	5.721
(19) Allt for damerna. (2015)	5.615

Hingað til hefur tölfræðin verið birt á heildargrunni og söfnin hafa ekki haft hugmynd um hvaða titlar liggja til grundvallar. Núna þegar titlarnir eru sýnilegir kemur eflaust margt spánkt fyrir sjónir, eins og t.d. margar bókfræðifærslur fyrir vinsælustu titlana eins og „Myndasögusyrpa“ með mismunandi ártölum o.s.frv. Einnig getur kóðunin flokkað ákveðna titla á vafasaman hátt. Það þarf að skoða sérstaklega það sem stingur í stúf og meta hvort breyta eigi bókfræðiskráningunni fyrir seinni tíma úrvinnslu.

## Listarnir eru:

Útbúnir voru 6 mismunandi topplistar fyrir árið 2013. Annarsvegar eru topplistar fyrir kerfið í heild (6) og hinsvegar eru listar þar sem toppútlán einstakra safna eru listuð (6).

### Topplisti útlán 2013

- Topplisti útlána 2013 – Allt efni
- Topplisti útlána 2013 – Bækur
- Topplisti útlána 2013 – Tímarit
- Topplisti útlána 2013 – Barnaefni
- Topplisti útlána 2013 – Fullorðinsefni
- Topplisti útlána 2013 – Efni sem er hvorki bækur né tímarit (kóðar = HB, VM, MU, MX, CF, MP, MA)

### Topplisti útlána 2013 - eftir söfnum

- Topplisti útlána 2013 – Allt efni
- Topplisti útlána 2013 – Bækur
- Topplisti útlána 2013 – Tímarit
- Topplisti útlána 2013 – Barnaefni
- Topplisti útlána 2013 – Fullorðinsefni
- Topplisti útlána 2013 – Efni sem er hvorki bækur né tímarit (kóðar = HB, VM, MU, MX, CF, MP, MA)

Topplistarnir eru aðgengilegir á þjónustuvef Landskerfis bókasafna, undir [Topplistar útlána 2013](#). Listarnir eru bæði aðgengilegir á PDF- og Excel sniði. Athugið að topplisti útlána eftir söfnum er skipt í nokkra flokka eftir heiti safna. Topplisti útlána 2013 fyrir Gegni sem heild sýnir 200 efstu útlánatitlana en topplistinn fyrir hvert safn sýnir 60 efstu útlánatitlana. Einnig þarf að hafa í huga að listarnir byggjast á heildarútlánum og geta því einstakir listar eins og t.d. „Topplisti útlána 2013 – Tímarit“ innihaldið fáa eða enga titla.

Greinargerð um topplistana verður tekin saman í byrjun árs 2015 þar sem nánari grein verður gerð fyrir forsendum og öðrum atriðum sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar listarnir eru skoðaðir.

Með þessari nýjung „topplisti útlána“ óskar vinnuhópur um tölfraeði ykkur gleðilegra jóla og farsælar á nýju ári og þakkar fyrir gjöfult samstarfs á líðandi ári,

Ásdís Huld, Sigrún og Sveinbjörg